

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 5. janúar 2024

Mál nr. E-3372/2023:

A

(Kristján Ágúst Flygenring lögmaður)

gegn

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

(Olgeir Þór Marinósson lögmaður)

Dómur

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

1 Mál þetta, sem var dómtekið 15. desember 2023, var höfðað 22. maí 2023. Stefnandi er A, [...]. Stefndi er Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Kringlunni 5, Reykjavík.

2 Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur:

Aðallega krefst stefnandi þess að stefnda verði gert að greiða stefnanda 9.596.178 krónur með 4,5% vöxtum skv. 1. mgr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 frá 14. júlí 2020 til 28. ágúst 2022 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara krefst stefnandi þess að stefnda verði gert að greiða stefnanda 8.310.371 krónu með 4,5% vöxtum skv. 1. mgr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 frá 14. júlí 2020 til 28. ágúst 2022 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Til þrautavara krefst stefnandi þess að stefnda verði gert að greiða stefnanda 7.824.427 krónur með 4,5% vöxtum skv. 1. mgr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 frá 14. júlí 2020 til 28. ágúst 2022 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Til þrautþrautavara krefst stefnandi þess að stefnda verði gert að greiða stefnanda 6.541.733 krónur með 4,5% vöxtum skv. 1. mgr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 frá 14. júlí 2020 til 28. ágúst 2022 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Í öllum tilvikum eru fjárkröfurnar gerðar að frádreginni innborgun, sem stefndi innti af hendi þann 1. september 2022 að fjárhæð 3.506.607 krónur.

Þá gerir stefnandi í öllum tilvikum kröfu um málskostnað eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

- 3 Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda auk málskostnaðar.

Helstu málsatvik

- 4 Málavextir eru óumdeildir. Stefnandi kom hingað til lands í júní 2019 og hóf hér störf sem kranastjórnandi. Hann er með alþjóðleg kranaréttindi og hefur starfað sem kranastjórnandi hérlendis og í X. Þann 14. apríl 2020 lenti stefnandi í bílslysi þegar ekið var í hægri hlið bifreiðar sem hann ók og var stefndi váttryggjandi bifreiðarinnar sem árekstrinum olli. Hann leitaði til læknis 21. apríl 2020 vegna afleiðinga slyssins og var metinn óvinnufær. Hann reyndi endurkomu á vinnumarkað og hóf aftur störf sem kranastjórnandi í maí 2021 en starfið reyndist honum erfitt og hann sagði því upp í júní 2022.
- 5 Afleiðingar slyssins fyrir stefnanda voru metnar í matsgerð, dags. 17. júlí 2022, og var líkamstjón hans metið til 5 stiga varanlegs miska og 7% varanlegrar örorku í slysinu. Lagt var til grundvallar að tímabil óvinnufærni og þjáningartímabil hefði verið frá slysdegi til 5. maí 2020. Ekki er ágreiningur um niðurstöðu matsgerðarinnar og gengu aðilar til bótauppgjörs á grundvelli matsins 1. september 2022 en stefnandi gerði við uppgjörið áskilnað um frekari kröfur á hendur stefnda vegna ágreinings um árslaunaviðmið. Taldi stefnandi í kröfubréfi sínu til stefnda 28. júlí 2022 að um óvenjulegar aðstæður í skilningi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 væri að ræða. Hann hefði takmarkaða tekjusögu hérlendis sem kranastjórnandi, þar sem hann hefði flust til landsins 2019. Bæri því að leggja til grundvallar meðaltekjur stjórnenda krana og lyftitækja á árinu 2020, þegar stöðugleika-tímamarki hefði verið náð. Stefndi taldi að leggja skyldi lágmarkslaunaviðmið 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga til grundvallar.
- 6 Ágreiningur máls þessa lýtur þannig eingöngu að því hvaða árslaun hafi borið að miða við þegar bótauppgjör aðila fór fram. Við aðalmeðferð málsins gaf stefnandi aðilaskýrslu og verður vísað til þess sem þar kom fram eftir því sem þurfa þykir.

Helstu málsástæður stefnanda

- 7 Stefnandi byggir á því að meta verði árslaun stefnanda sérstaklega vegna óvenjulegra aðstæðna hans, sbr. 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, í þessu tilviki enda fái hann ellegar ekki tjón sitt bætt að fullu. Bæði skilyrði ákvæðisins séu uppfyllt í tilviki stefnanda, annars vegar að aðstæður hafi verið óvenjulegar og hins vegar að meginregla um árslaunaviðmið sé ekki réttur mælikvarði á líklegar framtíðartekjur hans heldur sé annar mælikvarði réttari.
- 8 Við mat á óvenjulegum aðstæðum stefnanda skuli litið til þess að hugtakið sé skv. dómaframkvæmd ekki túlkað þröngt. Hafi breytingar orðið á högum tjónþola skömmu fyrir slys sé skv. lögskýringargögnum eðlilegra að miða viðmiðunarlaun við nýjar aðstæður. Þegar stefnandi lenti í slysinu hafi hann verið nýorðinn 26 ára og hafði flust til landsins innan við ári áður. Að leggja hin ósambærilegu laun hans í X til grundvallar myndi leiða til þess að hann fengi ekki fullar bætur fyrir tjón sitt og mismununar á grundvelli þjóðernis. Ekki verði laun stefnanda hérlendis síðastliðin þrjú ár fyrir slys lögð til grundvallar þar sem hann hafði starfað hérlendis í innan við ár er slysið varð. Finna þurfi réttari mælikvarða árslaunaviðmiðs. Tekjur hans hafi verið vel yfir lágmarkslaunaviðmiði hérlendis, bæði fyrir og eftir slysið.
- 9 Aðalkrafa stefnanda byggir á því að réttmætasta árslaunaviðmiðið við útreikning örorkubóta í tilviki hans sé meðallaun fullvinnandi stjórnenda krana og lyftitækja, starfsgreinar stefnanda, á árinu 2020 samkvæmt töflu Hagstofu Íslands. Stöðugleikatímapunktur skv. matsgerð sé 14. júlí 2020 og meðallaun 2020 því lögð til grundvallar sem meðaltekjur á því ári, þ.e. 9.486.420 kr. að teknu tilliti til 11,5% framlags í lífeyrissjóð. Stefnandi sé með alþjóðleg kranaréttindi frá X og hafi starfað sem kranastjórnandi hérlendis. Þar sem hann hafi ungur lent í slysinu megi gera ráð fyrir að hann hækki í launum með hækkandi starfsaldri. Þá sýni skattagögn að tekjur hans eftir slysið hafi hækkað í nýju starfi frá maí 2021 hjá Y Einnig hafi matsmenn lagt störf hans sem kranastjórnanda til grundvallar við mat á varanlegri örorku, án athugasemda aðila. Útreikningur aðalkröfu sé því eftirfarandi: $9.486.420 \times 14,451 \times 7\% = 9.596.178$ kr. Frá því dragist innborgun stefnda 1. september 2022, 3.506.607 kr.
- 10 Til vara byggir stefnandi á meðaltekjum verkafólks árið 2020 samkvæmt töflu Hagstofu Íslands, en þær hafi numið 8.215.320 kr. að teknu tilliti til 11,5% lífeyrissjóðsframlags.

Algennt sé að meðaltekjur verkafólks séu lagðar til grundvallar þegar tjónþolar hafi ekki mótað sér fastan starfsvettvang og stefnandi eigi stutta atvinnusögu sem kranastjórnandi hérlendis fram að slysinu. Stefnandi gæti a.m.k. stundað störf sem gæfu honum tekjur sem næmu meðaltali launa hjá starfsstétt sem hafi einna lægst laun í landinu, þ.e. almennu verkafólki, sbr. umfjöllun í matsgerð. Útreikningur varakröfu sé því eftirfarandi: $8.215.320 \times 14,451 \times 7\% = 8.310.371$ kr. Frá því dragist innborgun stefnda 1. september 2022, 3.506.607 kr.

11 Þrautavarakrafa stefnanda byggir á því að miða skuli við meðaltekjur hans þegar hann starfaði hér á landi sem kranastjórnandi. Annars vegar tímabilið júní 2019 til apríl 2020 þegar hann starfaði sem kranastjórnandi hjá Íslenskri verkmiðlun ehf., að undanskildum nóvember, desember og janúar þegar hann fór í frí til X yfir hátíðirnar. Hins vegar tímabilið sem hann vann hjá Y, þ.e. þá mánuði er hann vann fullt starf. Hann hafi hafið störf í maí 2021 og því ekki unnið fullan mánuð. Þá hafi hann verið í sumarleyfi í ágúst og september 2021 og maí og júní 2022 og hætt störfum fljótlega eftir það. Þeir mánuðir séu því undanskildir í útreikningum fyrir árslaunaviðmiðið. Samkvæmt dómaframkvæmd sé gjarnan litið til tekna tjónþola á hluta þess tímabils sem 1. mgr. 7. gr. taki til, þ.e. þess hluta umræddra þriggja ára þar sem aðstæður teljist ekki óvenjulegar. Að virtum framangreindum forsendum og að teknu tilliti til 11,5% mótframlags atvinnurekanda í lífeyrissjóð auk leiðréttingar skv. launavísitölu á stöðugleikatímamarki hafi meðalárslaunatekjur á nefndu tímabili numið 7.734.934 kr. og tölulegur útreikningur þrautavarakröfu sé því eftirfarandi: $7.734.934 \times 14,451 \times 7\% = 7.824.427$ kr. Frá því dragist innborgun stefnda 1. september 2022, 3.506.607 kr.

12 Þrautþrautavarakrafa stefnanda byggist á því að miða skuli við meðaltekjur hans þegar hann starfaði hér á landi sem kranastjórnandi, þ.e. allt tímabilið frá júní 2019 til apríl 2020 þegar hann starfaði hjá Íslenskri verkmiðlun ehf. og tímabilið frá maí 2021 til júní 2022 þegar hann starfaði hjá Y. Vísar þessi dómkrafa til sömu málsástæðna og þrautavarakrafa stefnanda utan þess að hér sé um að ræða allt tímabilið og engir mánuðir undanskildir, þrátt fyrir leyfi og hlutastarf á tímabilinu. Að virtum framangreindum forsendum og að teknu tilliti til 11,5% mótframlags atvinnurekanda í lífeyrissjóð auk leiðréttingar skv. launavísitölu á stöðugleikatímabili hafi meðalárslaunatekjur á nefndu tímabili numið 6.466.911 kr. og

tölulegur útreikningur þrautþrautavarakröfu sé því eftirfarandi: $6.466.911 \times 14,451 \times 7\%$
 $= 6.541.733$ kr. Frá því dragist innborgun stefnda 1. september 2022, 3.506.607 kr.

- 13 Stefnandi krefst 4,5% skaðabótavaxta skv. 16. gr. skaðabótalaga og skv. matsgerð, frá 14. júlí 2020 til 28. ágúst 2022. Þá krefst stefnandi dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi, en þá var liðinn mánuður frá því að kröfubréf stefnanda var sent stefnda.

Helstu málsástæður stefnda

- 14 Stefnandi byggir á því að við útreikning bóta vegna varanlegrar örorku skuli miða við lágmarksárslaunaviðmið skv. 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga enda hafi tekjur stefnanda verið undir lágmarksviðmiðinu á viðmiðunarárunum. Skilyrðin tvö fyrir beitingu 2. mgr. 7. gr. laganna séu óuppfyllt.
- 15 Stefnandi hafi ekki með gögnum sýnt fram á óvenjulegar aðstæður, t.a.m. hlutastarf, nám eða óvinnufærni vegna slysa eða sjúkdóma á viðmiðunartímabilinu. Hann hafi hins vegar haft fulla atvinnu í X á viðmiðunarárunum, allt þar til hann fluttist til Íslands og hóf fulla atvinnuþátttöku hérlendis.
- 16 Stefnandi hafi heldur ekki sýnt fram á með gögnum að annað árslaunaviðmið hafi á slysdegi verið réttara um líklegar framtíðartekjur. Hann hafði aðeins búið hérlendis í níu mánuði á slysdegi og ekki markað sér hér starfsvettvang, heldur aðeins unnið hér hluta úr ári, sbr. staðgreiðsluyfirlit 2020–22. Í fimm mánuði 2020, átta mánuði 2021 og átta mánuði 2022. Atvinnutekjur stefnanda hafi því verið mjög stopular frá því að hann kom hingað til lands 2019. Því sé ósannað að skilyrði fyrir beitingu 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga við útreikning bóta vegna varanlegrar örorku stefnanda séu uppfyllt.

Niðurstaða

- 17 Stefnandi lenti í umferðarslysi 14. apríl 2020 og er ekki deilt um bótaskyldu stefnda eða afleiðingar slyssins. Aðila greinir hins vegar á um hvort miða skuli bætur vegna varanlegrar örorku við lágmarkslaun skv. 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga eða hvort uppfyllt séu skilyrði 2. mgr. greinarinnar til að ákveða árslaun sérstaklega.

- 18 Fyrir liggur að árslaun stefnanda síðustu þrjú almanaksárin fyrir slysið voru undir þeim lágmarkslaunum sem tilgreind eru í 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Til þess að ákveða megi árslaun sérstaklega samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga þarf stefnandi að sýna fram á að fyrir hendi séu óvenjulegar aðstæður sem valda því að lágmarkslaunaviðmið 3. mgr. sé ekki réttur mælikvarði á líklegar framtíðartekjur hans. Við mat á því hvort beita skuli ákvæðinu má líta til athugasemda við 6. gr. frumvarps þess sem varð að lögum nr. 37/1999 sem breyttu 7. gr. skaðabótalaga. Þar er meðal annars tekið fram að launatekjur liðinna ára séu ekki góður mælikvarði hafi breytingar orðið á högum tjónþola skömmu áður en slys varð eða þegar fullyrða má að slíkar breytingar standi fyrir dyrum. Sem dæmi er nefnt að tjónþoli hafi skipt um starf þannig að breyting hafi orðið á tekjum eða hann látið af starfi og hafið töku lífeyris. Tekið er fram að í slíku tilviki sé eðlilegra að ákveða viðmiðunarlaunin miðað við nýjar aðstæður.
- 19 Stefnandi var 26 ára gamall þegar slysið varð og hafði á slysdegi búið og starfað á Íslandi í 10 mánuði. Þar áður hafði hann búið og starfað í X sem stjórnandi krana, sem er það starf sem hann stundaði einnig hérlendis. Af fyrirliggjandi gögnum verður ráðið að margfaldur munur var á tekjum stefnanda hérlendis og þeim sem hann áður vann sér inn í X. Í málinu nýtur engra gagna um samanburð á framfærslukostnaði hérlendis og í X eða gagna um meðallaun kranastjórnenda eða verkamanna í X. Eins og þegar er rakið mun stefnandi hafa reynt endurkomu á vinnumarkað hérlendis og hafið störf á ný eftir slysið sem kranastjórnandi, sem hann hafði aflað sér atvinnuréttinda til, en þurft frá að hverfa vegna afleiðinga slyssins. Stefnandi gaf aðilaskýrslu fyrir dóminum í gegnum síma. Sagðist hann nú vera búsettur í X. Hann ynni þar sem kranastjórnandi en starfið þar í landi væri ekki jafn líkamlega krefjandi og það væri hérlendis. Framtíðarbúsetu sagði hann óráðna en þó kom fram að pólsk unnusta hans vildi ekki flytjast frá X.
- 20 Með vísan til málsatvika, einkum búferlaflutninga stefnanda milli landa stuttu fyrir slysið, atvinnusögu hans hérlendis fyrir og eftir slys og mikils tekjumunar stefnanda hérlendis og í X, sem og framangreindra athugasemda við 6. gr. frumvarps sem varð að lögum nr. 37/1999 sem breyttu 7. gr. skaðabótalaga, verður fallist á að stefnandi hafi sýnt fram á að óvenjulegar aðstæður séu fyrir hendi í máli þessu þannig að meta megi árslaun sérstaklega. Er þannig fallist á að ætla megi að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur stefnanda.

- 21 Stefnandi hefur við meðferð málsins lagt fram héraðsskattframtöl árána 2020, 2021 og 2022 og staðgreiðsluskrá RSK fyrir sömu ár. Af þeim gögnum, og því að óumdeilt er að stefnandi hafði aflað sér réttinda og starfsreynslu sem stjórnandi krana og reynt að snúa aftur til þeirra starfa eftir slysið en orðið frá að hverfa vegna afleiðinga þess, verður ráðið að stefnandi hafi markað sér líklegan starfsvettvang til framtíðar ef slysið hefði ekki orðið. Að mati dómsins hefur það ekki áhrif á framangreinda niðurstöðu þó að stefnandi sé nú búsettur í X enda er óumdeilt að hann hafi fyrst reynt endurkomu á vinnumarkað héraðs eftir slysið.
- 22 Stefnandi var ungur að aldri þegar slysið varð, 26 ára gamall, og var tiltölulega nýlega fluttur til landsins. Ætla verður stefnanda svigrúm til að fóta sig á nýjum vinnumarkaði í nýju landi. Hann hefur aflað sér alþjóðlegra réttinda til að stjórna krana og unnið við það bæði í X og héraðs. Er það niðurstaða dómsins að eins og í framlagðri matsgerð verði geta hans til starfa sem kranastjórnandi lögð til grundvallar við mat á varanlegri örorku. Er þannig ljóst að matsmenn töldu áform stefnanda um framtíðarstarfsvettvang hafa verið mótuð á slysdegi, ólíkt því sem m.a. var lagt til grundvallar í dómi Landsréttar 14. maí 2021 í máli nr. 132/2020, mgr. 7. Vegna ungs aldurs stefnanda má ætla að laun hans hefðu með aukinni starfsreynslu og starfsaldri farið hækkandi. Fallist er á að stefnandi hafi aukinheldur sýnt fram á slíkt með framlagningu gagna um hærri tekjur hans í kranastjórnandastarfinu sem hann gegndi hjá nýjum vinnuveitanda héraðs eftir slysið, áður en hann þurfti frá því starfi að hverfa.
- 23 Að öllu framangreindu virtu verður fallist á kröfur stefnanda um hærri bætur en greiddar hafa verið, og að til grundvallar útreikningi bóta fyrir varanlega örorku stefnanda beri að miða við meðallaun stjórnenda krana og lyftitækja skv. framlagðri töflu Hagstofu Íslands. Með því verður fallist á aðalkröfu stefnanda en ekki er fyrir hendi tölulegur ágreiningur milli aðila um útreikning bóta miðað við þær forsendur sem aðalkrafan byggist á. Vaxta- og dráttarvaxtakröfum stefnanda er ómótmælt af stefnda.
- 24 Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða málskostnað eins og greinir í dómsorði. Gjafsóknarkostnaður og þóknun lögmanns stefnanda þykir hæfilega ákveðin eins

og greinir í dómsorði. Í samræmi við dómvenju er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun þóknunar, sbr. t.d. úrskurð Landsréttar í máli nr. 7/2019.

- 25 Af hálfu stefnanda flutti málið Kristján Ágúst Flygenring lögmaður. Af hálfu stefnda flutti málið Olgeir Þór Marinósson lögmaður. Dóm þennan kveður upp Sigríður Rut Júlíusdóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefnanda, A, 9.596.178 krónur með 4,5% vöxtum skv. 1. mgr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 frá 14. júlí 2020 til 28. ágúst 2022 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun stefnda 1. september 2022 að fjárhæð 3.506.607 krónur.

Stefndi greiði 1.000.000 króna í málskostnað sem renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Kristjáns Ágúst Flygenring, 1.000.000 króna.

Sigríður Rut Júlíusdóttir